

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, mánudaginn 2. maí 2022 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Svanhildur Sverrisdóttir. Steinunn Stefánsdóttir tók þátt í fundinum á Teams. Luciano Dutra var fjarverandi. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Málræktarþing í haust

Sjá fg. stj. ÍM 4/2022. Rætt var um fyrirhugað málræktarþing 29. september sem haldið verður í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins. Erindi flytja Guðrún Nordal, Kristján B. Jónasson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Jón Gunnar Þorsteinsson. Eftir er að ákveða einn fyrirlesara til viðbótar. Dagskrá málræktarþings lýkur með afhendingu viðurkenningar Íslenskrar málnefndar.

2) Málþing um kynhlutlaust mál

Málþing um kynhlutlaust mál var haldið laugardaginn 30. apríl í Veröld. Málþingið var tekið upp og verður upptakan birt á heimasíðu Íslenskrar málnefndar, islenskan.is.

3) Vörumerkjaskráning

Þessum lið var frestað til næsta staðfundar.

4) Önnur mál

a) Endurskoðun Norrænnar tungumálayfirlýsingar

Málnefndir á Norðurlöndum sendu sameiginlega umsögn við endurskoðun tungumálayfirlýsingarinnar

b) Aðalfundur Málræktarsjóðs

Aðalfundur Málræktarsjóðs verður haldinn miðvikudaginn 25. maí kl. 15.30 í fundarsalnum F&G á Hilton Reykjavík Nordica. Gert er ráð fyrir að aðalmenn í Íslenskri málnefnd sæki fundinn.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 16:45.

Ármann Jakobsson
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
sign.